

Nr. 72.

192

19. júní 1973.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 18. júní 1973 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

### 1. gr.

53. gr. I breytist sem hér segir:

Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, er verður 2. mgr., svo hljóðandi (röð stíðari málsgreina breytist samkvæmt því):

Heimspékideild getur heimilað, að kennt sé til fjögurra stiga í tiltekinni námsgrein, þegar sérstök nauðsyn ber til svo sem kröfur um framhaldsnám erlendis.

Núverandi 3. mgr., er verður 4. mgr., orðist svo:

Stúdent, sem velur þrjár greinar til prófs, er heimilt að hafa eitt eða tvö stig í einni grein eða eitt og tvö stig í tveimur greinum verkfræði- og raunvísindadeildar og/eða námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum. Stúdent, sem velur tvær greinar til prófs, er heimilt að hafa aðra greinina í verkfræði- og raunvísindadeild eða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum. Við slíkt samval teljast 15 námseiningar í verkfræði- og raunvísindadeild eða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum jafngilda einu stigi í heimspékideild. Heimilt er stúdent að velja, hvort hann brautskráist úr annarri hvorri deildinni eða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, enda hafi hann lokið a. m. k. þremur stigum eða 45 námseiningum í prófgrein í þeirri deild eða námsbraut, sem hann kys að brautskrást úr. Samval greina skal háð samþykki þeirrar deildar eða námsbrautar, er stúdent kys að brautskrást úr.

### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 19. júní 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*